

L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna (2. gr. laga nr. 15 17. nóv. 1956) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hver sá, sem hefur í hyggju að skipta um aðsetur á tímabilinu 16. nóvember til 1. desember á ári hverju, skal tilkynna það hlutaðeigandi sveitarstjórn eigi síðar en 15. nóvember, enda liggi þá fyrir, hvert hann flytur. Sama tilkynningarskylda hvílir á þeim, sem áformar að taka sér nýtt heimilisfang á fyrr greindu tímabili, án þess að hann flytji þangað aðsetur sitt að svo stöddu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 78/1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar
Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

b-liður 2. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.